

Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbætti sekt, er getur numið allt að sömu upphæð og árgjaldið.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald í Siglufirði, sem fara kunna í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Ingimar Sigurðsson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklastrjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 24 000 (240 ný krónur), en endurnýjunarverð í hverjum flokki er kr. 2 000 (20 ný krónur).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 414 11. október 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

*Ólafur W. Stefánsson.***AUGLÝSING**

um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands hf., Akureyri, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum flugleiðum innanlands, tímabilið 22. október 1980 til 31. desember 1984:

1. Akureyri — Ólafsfjörður — Akureyri.
2. Ólafsfjörður — Reykjavík — Ólafsfjörður.
3. Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri.

Samkvæmt sömu heimild hefur ráðuneytið í dag einnig veitt Flugfélaginu Ernir hf. Ísafirði, samskonar leyfi, sama tímabil, á eftirtöldum flugleiðum:

1. Ísafjörður — Reykjanes — Arngerðareyri — Melgraseyri — Bæir — Ísafjörður.
2. Ísafjörður — Reykjanes — Reykhólar — Ísafjörður.
3. Ísafjörður — Þingeyri — Ísafjörður.

Samgönguráðuneytið, 20. október 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 598.

13. september 1980.

AUGLÝSING

um umferð á Ísafirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ísafjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð á Ísafirði.

Einstefnuakstur er á Sólgötu til suðurs og stöðvunarskylda er á þeirri götu við Hafnarstræti.

Einstefnuakstur er á Hrannargötu til norðurs og stöðvunarskylda er á þeirri götu við Fjarðarstræti.

Biðskylda er af Djúpvegi, akrein austur Hafnarstræti.

Stöðvunarskylda er af Djúpvegi, akstursleiðir yfir Hafnarstræti norður Hrannargötu svo og af Djúpvegi vestur Hafnarstræti.

Á Djúpvegi, frá Hafrafellshálsi að Menntaskóla, er hámarkshraði heimilaður 60 km, en þaðan 45 km að Hafnarstræti.

Tangagata er einstefnuakstursgata til suðurs frá Austurvegi og að Skipagötu. Bílastöður beggja vegna Tangagötu frá Austurvegi til Fjarðastrætis eru bannaðar.

Bannað er að stöðva og leggja ökutækjum við Aðalstræti svo sem hér segir: Að austanverðu við götuna frá og með húsi nr. 8 til og með húsi nr. 20, nema við bensín-afgreiðslu. Að vestanverðu við götuna frá og með húsi nr. 11, til og með húsi nr. 15.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 13. september 1980.

Þorvarður K. Þorsteinsson.